

Fundargerð fundar skólaráðs Fossvogsskóla

miðvikudaginn 21. apríl 2021

Mætt: Agnar Freyr Helgason, Karl Óskar Þráinsson, Halla Gunnarsdóttir, Helena Rósa Róbertsdóttir, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir

Fjarverandi: Árni Freyr Thorlacius Sigurlaugsson, Guðrún Þorsteinsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Fundargerðir – tillaga frá síðasta fundi skólaráðs
2. Skóladagatal Fossvogsskóla 2021 – 2022 lagt fram til samþykktar
3. Staða húsnæðismála skólanna tveggja Fossvogsskóla og Korpuskóla
4. Farsæld nemenda í nýju húsnæði
5. Önnur mál

Borin upp tillaga frá fundi skólaráðs 24. febrúar síðast liðinn um að fundargerðir séu afgreiddar á milli skólaráðsfulltrúa á milli skólaráðsfunda í tölvupósti. Tillagan samþykkt.

Skóladagatal Fossvogsskóla 2021 – 2022 var lagt fram til umræðu og samþykktar. Skóladagatalið samþykkt af fulltrúum.

Staða húsnæðismála rædd.

Sagt var frá stöðu Korpuskóla. Verið er að vinna í heimilisfræðistofu, íþróttasal og tveimur rýmum á milli kennslustofa. Heimilisfræðistofan og rýmin á milli kennslustofa eiga að vera tilbúin á næstu vikum; vonandi sem fyrst. Lengra er í að íþróttasalur og rýmið þar inn af verði tilbúið. Öll rými sem unnið er í eru lokuð innan frá skólanum og aðgengi að þeim er einungis utan frá.

Sagt frá stöðu Fossvogsskóla. Verið er að vinna í frekari sýnatökum og gagnöflun áður en skýrsla um málið verður kynnt og gefin út.

Talið er mikilvægt að fá niðurstöður sem fyrst meðal annars í ljósi þess að foreldrar verðandi nemenda í 1. bekk virðast halda að sér höndum um skráningu barna sinna í skólann. Þetta setur skipulag skólastarfs fyrir komandi skólaár úr skorðum.

Sagt frá farsæld nemenda í nýju húsnæði Fossvogsskóla. Foreldrar nokkurra nemenda hafa haft samband við skólastjórnendur vegna líðanar barna þeirra í húsnæði Fossvogsskóla. Einhverjir nemendur virðast finna fyrir einkennum í húsnæði Korpuskóla. Tekin hefur verið sú ákvörðun að vinna hvert mál á einstaklingsgrunni í samstarfi við foreldra. Reynt er eftir megni að halda öllum nemendum í skólanum. Því miður hefur komið upp sú staða að einhverjir nemendur hafa þurft að „prófa“ sig áfram í rýmum. Þetta er staða sem getur aldrei verið góð; að setja börn í þannig aðstæður að þau séu hálfgerð tilraunadýr. Vinna er að fara af stað með aðkomu Barnaspítala Hringins að líðan nemenda í Fossvogsskóla. Þegar hefur verið haldinn fundur á milli sérfræðings þar, skóla- og frístundasviðs og skólastjóra um málið.

Önnur mál:

Sagt frá þátttöku í foreldra í spurningakönnun um líðan nemenda í húsnæði Fossvogsskóla. Könnunin er unnin í samvinnu EFLU, skóla- og frístundasviðs og skólastjórnenda Fossvogsskóla. Ýtt var á eftir svörun fyrir tæpri viku og aftur verður ýtt á í dag. Foreldrakönnun lýkur á miðnætti annað kvöld.

Sagt frá því að spurningakönnun sambærileg þeirri könnun sem foreldrar fengu sé farin á starfmenn. Hún verður opin til mánaðamóta. Ýtt verður á eftir starfsfólki að svara könnuninni.

Báðar spurningakannanir voru rýndar og prófarkalesnar áður en þær voru sendar út á framangreinda hópa.

Spurt er um upplýsingagjöf um húsnæðismál og bent á samþykkt fundar frá byrjun mars um að skólaráð hefði aðkomu að fundum m.a. upplýsingafundum starfsmanna um húsnæðismál. Þetta var ekki raunin á fundi starfsmanna á fyrsta vinnudegi eftir páska; þriðjudaginn 6. apríl; fulltrúar foreldra höfðu ekki aðgang að fundi starfsmanna. Bornar voru upp mótbárur fyrir því að fulltrúar foreldra í skólaráði hafi ekki fengið aðgang að fundinum þar sem eingöngu húsnæðismál skólans voru rædd. Þetta verður lagað og fullur vilji er til þess að allir fulltrúar skólaráðs eigi aðgang að fundum um húsnæðismálin.

Spurt var um skólaslit á þessu vori og mögulega vorhátíð. Búnaðar verða til nokkrar sviðsmyndir og ræddar á næsta fundi skólaráðs. Einn möguleikinn er að hafa skólaslit aðgreind í Korpuskóla og svo hittist starfsfólk og fjölskyldur í Húsdýragarðinum; sambærilegt og var fyrir tveimur árum.

Spurt var um fundargerðir síðustu samráðsfunda. Fundargerð samráðsfundar frá því í byrjun mars á að vera komin á vefinn, sem og næsta fundargerð þar á eftir. Þetta verður skoðað og sett inn á heimasíðu skólans.

Bent var á að skoða heimasíðu Fossvogsskóla með tilliti til skólaráðs. Þar vantar síðustu fundargerðir og einnig þarf að laga bjögun á síðunni.

Fundi slitið um kl. 9:55

Fundarritari: Ingibjörg Ýr Pálmadóttir